

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands 2003

Ályktun Starfsgreinasambands Íslands um atvinnuleysistryggingar

Starfsgreinasamband Íslands mótmælir harðlega tillögum ríkisstjórnarinnar um skerðingu á atvinnuleysisbótum og kjörum atvinnulausra, um að atvinnuleysisbætur verði ekki greiddar fyrir fyrstu 3 daga frá fyrsta skráningardegi.

Starfsgreinasambandið mótmælir einnig eindregið öllum grundvallarbreytingum á atvinnuleysistryggingum, án samráðs við aðila vinnumarkaðarins, enda var samið um atvinnuleysistryggingar í samningum launafólks við atvinnurekendur. Ársfundurinn minnir á að í mars síðastliðinn kynnti Alþýðusamband Ísland tillögur sínar um stuðning við atvinnulausa þar sem lagt var til að atvinnuleysistryggingakerfið yrði tekið til gagngerrar endurskoðunar.

Þær tillögur sem kynntar eru í fjárlagafrumvarpinu um breytingu á reglum um greiðslur til fiskvinnslufyrirtækja þegar starfsfólk er sent heim, koma til með að þýða mikla kjaraskerðingu hjá fiskvinnslufólki. Starfsgreinasambandið hefur lengi lagt áherslu á að bæta starfsöryggi fiskvinnslufólks með breyttum reglum um að hægt sé að senda fólk heim vegna hárefnisskorts og er tilbúið að ræða breytingar sem geta bætt atvinnuöryggi fiskvinnslufólks. Þessar skerðingar verða ekki liðnar og ná þær fram að ganga, mun verkalyðshreyfingin sækja þær með öðrum hætti.

Starfsgreinasambandið krefst þess að lögum um atvinnuleysistryggingar verði breytt á þann veg að erlent starfsfólk með atvinnuleysi hér á landi búi við sama rétt til atvinnuleysisbóta og aðrir launþegar þessa lands.

Starfsgreinasambandið krefst þess að fullar atvinnuleysisbætur verði nú þegar hækkaðar í 93.000 kr. á mánuði. Í dag eru fullar atvinnuleysisbætur rúmar 77.000 kr. og munu skerðast í kr. 67.000 á fyrsta mánuði, ná tillögur ríkisstjórnarinnar um þrjá bótalaus daga fram að ganga.

Atvinnuleysi hefur farið vaxandi allt þetta ár og er nú 3,7%. Jafnframt hefur langtímaatvinnulausum fjölgað stöðugt. Atvinnuleysi er sérstaklega alvarlegt meðal yngstu aldurshópanna og er nú um 12%. Starfsgreinasambandið krefst þess að spornað verði gegn þessari þróun með virkum vinnumarkaðsaðgerðum svo koma meg í veg fyrir að fólk, einkum ungt fólk, festist í langtímaatvinnuleysi.

Starfsgreinasambandið ítrekar fyrri samþykktir sínar um nauðsyn þess að ríkisstjórnin fullgildi tafarlaust samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 158 um bann við uppsögnum án rökstuðnings.